

Nd.

559. Frumvarp til laga

[277. mál]

um breyting á lögum nr. 33 1947, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjújörðina Stóru-Borg.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Ingólfur Jónsson.

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna fellur niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni oddvitans í Grímsneshreppi, og er bréf hans um málið ásamt bókun hreppsnefndar og samþykkt almenns hreppsfundar prentuð hér með sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

Hr. alþingismaður Ágúst Þorvaldsson.

Ábúandi á jörðinni Stóru-Borg í Grímsneshreppi, Sigurjón Ólafsson, hefur farið þess á leit að fá ábýlisjörð sína keypta af Grímsneshreppi, og samþykkt hefur verið bæði í hreppsnefnd og á almennum hreppsfundi í Grímsneshreppi að selja jörðina. Samkvæmt afsalsbréfi, útgefnu 16. desember 1947 til Grímsneshrepps, er ríkissjóði áskilinn réttur til að gerast kaupandi að jörðinni Stóru-Borg, ef til þess kemur, að Grímsneshreppur vilji selja hana.

Þar sem það er nú yfirlýstur vilji allflestra hreppsbúa í Grímsneshreppi, að það sé meðal annars réttlætismál, að ábúandi fái jörðina keypta, fer hreppsnefnd Grímsneshrepps því hér með á leit við þig, að þú flytjir frumvarp á hæstvirtu Alþingi um, að ríkissjóður falli frá forkaupsrétti sínum.

Væntum við þess, að máli þessu verði hraðað, og æskilegt væri, að það fengi afgreiðslu á Alþingi því, sem nú situr.

Virðingarfyllst.

F. h. hreppsnefndar Grímsneshrepps.

Ásm. Eiríksson (sign.)
oddviti.

Fylgiskjal II.

Grímsneshreppi, 25. febrúar 1974.

Á fundi hreppsnefndar Grímsneshrepps, sem haldinn var að félagsheimilinu Borg 24. febr. 1974, var tekið fyrir meðal annars:

Sigurjón Ólafsson bóndi, Stóru-Borg, fór fram á að fá ábýlisjörð sína, Stóru-Borg, keypta af Grímsneshreppi. Svo hljóðandi bókun var gerð um málið.

„Hreppsnefnd Grímsneshrepps samþykkir að selja Sigurjóni Ólafssyni jörðina Stóru-Borg á fasteignamatsverði, ef nauðsynleg leyfi fást til sölnar“ (þ. e. að ríkissjóður falli frá forkaupsrétti sínum), með því skilyrði, að hreppurinn eigi ávallt forkaupsrétt að jörðinni eða hluta af henni á fasteignamatsverði og þeim mannvirkjum, sem á henni verða, á matsverði.

Undan sölu sé tekið land það, sem um getur í byggingarbréfi Sigurjóns, og eitthvað meira eftir nánara samkomulagi, sem gert verður, ef af sölu verður.“
Tillaga þessi var samþykkt með fjórum atkvæðum gegn einu.

F. h. hreppsnefndar Grímsneshrepps.

Ásm. Eiríksson (sign.)
oddviti.

Fylgiskjal III.

Á almennum hreppsfundi, er haldinn var að Borg, mánud. 18. mars 1974, var eftirfarandi tillaga borin fram:

Almennur hreppsfundur í Grímsneshreppi, haldinn að Borg, mánudaginn 18. mars 1974, lýsir stuðningi sínum við samþykkt meiri hluta hreppsnefndar Grímsneshrepps frá 24. febrúar s. l. varðandi sölu jarðarinnar Stóru-Borgar, með þeim skilmálum, er fram eru teknir í samþykkt hreppsnefndarinnar.

Flutningsmenn tillögunnar voru: Ásmundur Eiríksson, Gunnlaugur Þorsteinson, Guðbjörg Arndal, Sigurður Gunnarsson.

Eftir allmiklar umræður var tillagan samþykkt með 39 atkv. gegn einu. Sex fundarmenn greiddu ekki atkvæði.